**Bæjarráð Reykjanesbæjar**
Tjarnargötu 12
230 Reykjanesbær

Reykjanesbær, 22. nóvember 2022
*Mál nr. 2022110436*

**Efni: Nýtt efnislosunarsvæði – vegagerð**

Eins og kemur fram í áherslum Umhverfissviðs við gerð fjárfestingaráætlunar fyrir árið 2023 leggjum við mikla áherslu á að fá fjármagn til að fara í nýjan veg frá mislægum gatnamótum suður að Njarðvíkurheiði að tengivirki Landsnets. Þessi vegur tengir í leiðinni nýtt efnislosunarsvæði sem þarf að byrja á á nýju ári þar sem efnislosunarsvæðið á Stapa er orðið fullt og því þarf að loka.

Vegna framkvæmda við nýtt tengivirki Landsnets kom upp sú hugmynd að flýta þessari framkvæmd þannig að Landsnet gæti nýtt sér þennan veg við framkvæmdir í staðinn fyrir að gera upp eldir slóða sem fara um Pattersson.

Eftir samningaviðræður við Landsnet eru þeir tilbúnir að leggja fjármagn í þessa framkvæmd ef það má verða til þess að flýta framkvæmdinni. Hér er um fasta upphæð að ræða og vegurinn yrði eign Reykjanesbæjar eftir framkvæmd.

Sett var út verðkönnun á veginn og var verktakafyrirtækið Sveinsverk lægstir með um 70 % af kostnaðaráætlun.

Þetta er gatnagerð og fjármagn til fyrir þessu á lyklum Umhverfissviðs og því er ekki verið að sækja um viðbótarfjármagn.

Undirritaður óskar eftir heimild til að samþykkja tilboð Sveinsverk í verkið og meðfylgjandi samninga við Landsnet.

Fylgiskjöl:

1) Yfirlitsmynd
2) Tilboð og kostnaðaráætlun Sveinsverk
3) Samningur milli Landsnets og Reykjanesbæjar

Guðlaugur H. Sigurjónsson
*sviðsstjóri umhverfissviðs*